

Eiríkur Rögnvaldsson:

HLUTVERK HEIMSPEKIDEILDAR Í ÍSLЕНSKRI KENNARAMENNTUN

Fyrirlestur á málþingi Heimspekideildar 17. mars 1982, en umræðuefnni dagsins var "Hlutverk Heimspekideildar með hliðsjón af annarri háskólamenntun í landinu".

Hlutverk Heimspekideildar með hliðsjón af annarri háskólamenntun í landinu er umræðuefnni dagsins. Hvert er þetta hlutverk? Við getum byrjað á að rifja upp 1. gr. laga og reglugerðar um Háskóla Íslands frá 1979:

"Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu."

Hér er sem sagt um tvennt að ræða:

- Hæfni til sjálfstæðra fræðistarfa.
- Starfsmenntun.

I lögnum er ekkert fjallað nánar um hlutverk og markmið einstakra deilda. Án efa mætti finna ýmislegt um markmið Heimspekideildar í bókum deildarinnar og gögnum, alls kyns lögum og reglugerðum o.s.frv.; en hvort tveggja er, að til þess gafst ekki tími, enda er hér ætlunin að gera grein fyrir stöðu mála í dag, en ekki rekja neina sögu.

Pegar fjallað er um hlutverk Heimspekideildar er auðvitað hægt að gera það frá ýmsum sjónarhornum. Hér verða þrjú athuguð lauslega:

- Hvað ætlast löggjafinn fyrir með deildina?
- Hvað ætlar deildin sér sjálf?
- Hver er starfsvettvangur þeirra sem deildin útskrifar?

I upphafi virðist deildinni hafa verið ætlað að veita almenna húmanífska menntun, einkum í íslenskum fræðum, og búa menn undir fræðistörf. Gunnar Karlsson sagði hér á málþinginu 3. mars að laust fyrir 1930 vottaði fyrst fyrir þeirri hugmynd að það verði hlutverk Heimspekideildar að mennta kennara fyrir skóla-kerfið. Hann sagði einnig, að með tilkomu BA-prófs í mörgum greinum fyrir og um 1930 yrði deildin að e.k. gagnfræðaskóla-kennaraskóla fram um 1970, þegar til koma greinar á borð við

almenna bókmennatafræði, almenn málvísindi og heimspeki, sem ekki mennta menn beint fyrir skólakerfið.

Um það hvað löggjafinn ætlast fyrir með deildina er fátt hægt að segja, nema það sem ráðið verður af þögninni og lögum um Kennaraháskóla Íslands og embættisgengi kennara. Kennaraháskóla Íslands er lögum samkvæmt atlað að mennta kennara fyrir grunnskólana, en próf þaðan veitir ekki réttindi til framhaldsskólakennslu.

I frumvarpi til laga um embættisgengi kennara frá 1977 segir í 14. gr.:

"Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á há-skólastigi er jafngildi a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein."

Og áfram segir í 15. gr. sama frumvarps:

"Kennrarar, sem hafa lokið B.A., B.S., eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstaðu prófi og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr. fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla..."

Hér er því gert ráð fyrir meira námi en Kennaraháskóli Íslands veitir, því að lokapróf þaðan, B.Ed., er samtals 90 einingar. Heimspekideild er því eina skólastofnunin í landinu sem veitt getur næga menntun í kennslugreinum sínum, enda er sérstaklega tekið fram í 15. gr. að BA- eða cand. mag.-próf að viðbættri uppeldis- og kennslufræði fullnægi ofangreindum menntunarkröfum. Um ætlun löggjafaðs er því a.m.k. ljóst að Heimspekideild eigi að vera e.k. kennaraháskóli fyrir framhaldsskólana.

En deildin sjálf? Hvað ætlar hún sér? Gunnar Karlsson taldi í erindi sínu um daginn að deildin hefði sjaldnast þannist út að eigin ósk eða frumkvæði, heldur hefðu þar komið til ákvarðanir stjórnvalda. Við getum litið aðeins á beiðnir um nýjar greinar eða stækkun greina frá síðustu árum, hvernig þær hafa verið rökstuddar. Þar er einkum talað um þrennt:

- Almennt menningar- og menntunarsjónarmið.
- Nauðsyn rannsóknastarf í greininni.
- Aukna kennslu í viðkomandi grein í framhaldsskólum og því þörf fleiri kennara.

Misjafnt er hve mikil áhersla er lögð á hvert atriði. I beiðnum um greinar eins og þjóðfræði og listfræði er megináhersla á

a) og b), en í beiðni um stækkun spænsku á c).

Deildinni er auðvitað ljóst hið mikilvæga hlutverk sitt í að ala upp kennara fyrir framhaldsskóla; og ekki verður annað séð en hún sætti sig fullkomlega við það. Þannig segir í umsögn hennar um frumvarp um framhaldsskóla frá 1977:

"Háskóli Íslands hefur hingað til séð um menntun kennara á framhaldsskólastigi. Á undanförnum árum hafa þeir, er lokið hafa B.A. prófi frá Háskóla Íslands tekið að sér í æ ríkara mæli kennslustörf á framhaldsskólastigi."

Hið sama skín út úr umsögn Heimspekideilda um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, einnig frá 1977; þar segir:

"Þau rök að KHÍ sé ætlað að mennta kennara fyrir grunnskóla, en heimspekideild (og ýmsum öðrum deildum HÍ) kennara fyrir framhaldsskóla, duga engan veginn til bess að réttlæta aðskilnað þessara stofnana: Verksvið KHÍ nær yfir hluta af verksviði heimspekideilda og raunar einnig ýmsra annarra deilda..."

Það kemur sem sé hvergi fram að deildin hafi neitt við petta kennaraháskólahlutverk sitt að athuga; enda segir enn fremur í umsögn heinrar:

"Það eru því engin fræðileg rök sem mæla með aðskilnaði þessara skóla - hins vegar eru til mörg rök, bæði fræðileg og hagnýt sem mæla með sameiningu þeirra."

Nú skulum við líta aðeins á hvernig menn nota í raun og veru þá menntun sem Heimspekideild veitir, og hvert hlutverk deildarinnar er frá því sjónarmiði. Fáar tölur eru til um hvað fólk með BA- eða kandídatspróf úr Heimspekideild tekur sér fyrir hendur að námi loknu. Við vitum að stórr hluti þess verður kennarar; en hversu stórr? Um það hef ég aðeins tvennt til viðmiðunar. Annað er skrá sem birtist í Mími vorið 1963 um þá sem lokið höfðu meistara-, kandídat- eða BA-prófi í íslenskum fræðum frá 1911 til 1962. Á þeirri skrá eru alls 98 manns. Þar af eru kennarar 64, eða um 2/3; bóka-, skjala- og minjaverðir ýmiss konar eru 12; 13 eru í öðrum störfum þar sem ætla má að menntunin nýtist þeim að einhverju leyti; og 9 eru í ýmsum óskyldum störfum.

Hin heimild míni er atvinnuhorfukönnun Félags sagnfræðinema, en niðurstöður hennar birtust í Ýkjum fyrir rúmu ári, í desember 1980. Spurningalistar voru sendir til allra sem útskrifast höfðu með 45 einingar eða meira í sagnfræði árin 1966 -1978, og voru búsettir á Íslandi. Þeir voru alls 85, en 56 svöruðu. Af þeim voru 40, eða 71%, við kennslu; 4 við blaða-

mennsku, 4 bóka- og skjalaverðir, 2 við fræðistörf, en 6, eða 11%, við annað. Af þeim sem kennu störfuðu 17 (39%) við grunn-skóla, 21 (48%) við framhaldsskóla, en 6 (14%) við Háskólan. Hlutfall kennara í hópnum hefur því frekar hækkað en hitt á 20 árum, en auðvitað ná þessar tölur ekki nema til hluta þeirra sem deildin hefur útskrifað, og ber því að taka þeim með varúð.

Með hliðsjón af þessu getum við þá spurt eftirfarandi spurninga:

a) Á deildin að taka eitthvert sérstakt tillit til þess hve margir af nemendum hennar gerast kennarar?

b) Gerir hún það nú; og þá á hvaða hátt?

Frá mínum bæjardyrum séð er fyrri spurningunni fljótsvarað. Deildin hlýtur að miða starf sitt að einhverju leyti við það hvað stór hluti nemenda hennar tekur sér fyrir hendur að námi loknu, sér í lagi þar sem hún virðist fella sig ágætlega við kennaraháskólahlutverkið, eins og áður er sagt. Að viðurkenna þetta hlutverk í orði, en taka ekkert mið af því í starfinu er að mínu mati að berja hausnum við steininn. Sumir eru að vísu þeirrar skoðunar að hausinn moli steininn; en það er önnur saga.

Nú, en það er seinni spurningin; hvort deildin miði að einhverju leyti starf sitt við þetta hlutverk, og þá hvernig. Eins og við er að búast er þetta mjög misjafnt eftir greinum. Sumar kennslugreinar deildarinnar eru kenndar í öllum grunn-skólum og framhaldsskólum landsins; íslenska, sagnfræði, enska, danska. Aðrar eru óvíða kenndar og sumar hvergi. Því má skjóta hér inn að þrjár fyrsttöldu greinarnar eru langfjölmenn-ustu greinar Heimspekideildar; og þótt ekki sé beint samband milli nemendafjölda í grein við Heimspekideild og stöðu grein-arinnar í skólakerfinu er fylgnin greinileg.

Til að gera grein fyrir á hvern hátt einstakar greinar koma til móts við þarfir vantanlegra kennara þyrfti meiri pekkingu á greinunum en ég bý yfir. Nokkuð má þó ráða af kennsluskrá. Við skoðun hennar kemur í ljós að ofannefndar fjórar greinar, og að auki þýska, sem mjög mikil er kennd í framhaldsskólum, bjóða allar upp á sérstaka námsþætti sem eiga að koma verðandi kennurum að gagni. Þessir þættir eru dálítið mismunandi. Í dönsku er sérstakur þáttur sem heitir Kennslu-fræði og kennsluaðferðir, 5 einingar, og svo er lýst:

"Helstu vandamál tungumálakennslu skýrð með yfirliti yfir

helstu fræðikenningar á þessu sviði, umræðum og verkefnum sem miðast við að kanna og fá yfirsýn yfir ákveðið svið (projektvinna). Námskrár skólastiganna athugaðar og kynnst reynslu og vandamálum skóla sem sóttir verða heim."

Enska hefur þáttinn Hagnýtta málvísi, 5 einingar; Íslenska Hagnýta málfræði, 5 einingar; en Þýska tvo $2\frac{1}{2}$ einingar þætti: Málakennslu og Þýðingar. Þá er í Inngangsfræði sagnfræði hluti sem heitir "Sögukennsla: Kynning á hlutverki sögu sem kennslugreinar og aðferðum við sögukennslu". Auk þess má nefna þáttinn Islandssaga eftir 1880 sem kennsluefni framhaldsskóla, sem kenndur er í vetur á kandídatstigi í sagnfræði.

Petta er allt saman góðra gjalda vert. Það verður þó að benda á að allir þessir þættir eru valfrjálsir, nema Inngangsfræði sagnfræði; og engin trygging er fyrir því að þeir sem fara út í kennslu umræddra greina hafi tekið þá. En það segir auðvitað ekki alla söguna hvort til eru í greinunum sérstakir námsþættir með kennslufræðilegu efni. Hvort hugsað er fyrir að stúdenta bíði í framtíðinni kennslustörf kemur ekki síður fram í efnistökum í greinunum almennt. T.d. má marka nokkuð af valfrelsi nemenda. Það takmarkast auðvitað viða af framboði; en í greinum eins og íslensku og sagnfræði, þar sem framboð er nóg, er samt talsverð skylda. Það stafar ekki nema að litlu leyti af því að ákveðin námskeið séu nauðsynlegur undanfari annarra, en er oft rökstutt með því að menn verði að lara þetta eða hitt ef þeir fari síðar út í kennslu. Petta yfirferðarsjónarmið hefur a.m.k.. verið mjög áberandi í íslensku, sbr. einnig námsskipunarreglur í sagnfræði. Í greinum sem minna eru kenndar á lægri skólastigum, almennri bókmenntafræði, almennum málvíindum og heimspeki, er annaðhvort minni kjarni eða mikil skipti á námskeiðum frá ári til árs.

En er það nóg sem gert er til að búa nemendur undir kennslu? Það held ég alls ekki. Deildin stendur að mörgu leyti höllum fæti miðað við aðrar leiðir í háskólamenntun. Svo má heita að hún veiti engin starfsréttindi. Þessi fjölmennasta og brautaflesta deild Háskólags útskrifar nemendur sína án þess að þeir hafi í raun réttindi til nokkurs starfs. Hún er eina deild Háskólags sem svo er ástatt um. Starfsréttindi verða menn að sakja út fyrir deildina.

Ég ætla ekki að halda því fram að parna sé beinlínis við Heimspekideild að sakast. Þó hef ég grun um að þar hafi gætt andvaraleysis; menn uggðu ekki að sér fyrr en búið var að skella

á þá 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræði í annarri deild. Í áðurnefndri umsögn deildarinnar um frumvarp um em-bættisgengi kennara er þessu ekki andmælt, heldur sagt:

"Hér er gert ráð fyrir a.m.k. 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum og má eflaust færa rök fyrir því að slíkar kröfur séu eðlilegar..."

Mér finnst liggja í orðunum sá fýlusvipur sem Heimspekkideild setur oft upp þegar minnst er á uppeldis- og kennslufræði; deildin vill ekkert af þessu vita. Þetta finnst mér rangt sjónarmið. Fyrst deildin sættir sig við örðinn hlut, er henni engin vorkunn að taka upp samstarf við uppeldisfræðina, sem ég tel nauðsynlegt. Flestir virðast vera á því að námið í upp-eldis- og kennslufræði tengist öðrum greinum alltof lítið. Það gefur auga leið að mismunandi kennsluaðferðir eiga við í mismunandi fögum. Ég held að greinar Heimspekkideilda verði að hafa frumkvæði að samvinnu við uppeldisfræðina um kennslu-fræðimenntun sem hæfi hverri grein. Fyrsta skrefið gæti verið, eins og bent hefur verið á, að fá einstaka hagnýta þætti metna sem hluta uppeldis- og kennslufræðinámsins; en síðan mætti halda áfram og taka upp nýja þætti, aðnaðhvort innan einstakra greina Heimspekkideilda eða sameiginlega með mörgum greinum. Sem dæmi mætti hugsa sér þátt um tungumálakennslu sem sameigin-legur væri öllum tungumálagreinum Heimspekkideilda. Ég held að skipti ekki meginmáli hvort þetta nám væri skipulagt innan Heimspekkideilda eða Félagsvísindadeilda; aðalatriðið er að samvinna og samstarf verði milli greina Heimspekkideilda og uppeldisfræðinnar til að námið komi vantanlegum kennurum að sem bestu gagni. Annars gegnir deildin ekki því hlutverki sínu sómasamlega að sjá skólakerfinu fyrir kennurum.

Að lokum skal það tekið fram, að í ofanrituðum orðum felst alls ekki að það sé skoðun míni að kennaraskólahlutverkið sé eina hlutverk deildarinnar, og jafnvel ekki helsta hlutverk. Ég tel þetta ekki nema einn þátt af mörgum sem deildin eigi að sinna; hins vegar hefur hann að ýmsu leyti verið vanræktur meira en aðrir þættir. En um ýmis önnur verkefni deildarinnar munu aðrir fjalla.